

1172. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. apríl 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarins fyrir tveimur dagskrábreytingum. Inn kæmu tveir nýir dagskrárliðir. Liður nr. 5: „Bjarg íbúðafélag – kynning á stöðu félags“ og liður nr. 6: „Kaup á orlofshúsum að Gimbratúni 14 og 16 á Hellishólum í Fljótshlíð“.

Samþykkt.

1. Fundargerð 1171. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1171. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Undir þessum dagskrárlið er lögð fram ályktun stjórnar VR frá 6. apríl sl sem stjórnarmenn samþykktu sín á milli í tölvupóstsamskiptum. Ályktunin er svohljóðandi:

VR mótmælir fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Stjórn VR gerir alvarlegar athugasemdir við nýútgefna fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019 – 2023 og sendi frá sér í dag, 6. apríl 2018, eftirfarandi ályktun:

Stjórn VR lýsir miklum vonbrigðum með nýútgefna fjármálaáætlun ríkisstjórnar Íslands sem fylgt var úr hlaði með þeim öfugmælum að „samfélagið allt njóti góðs af yfirstandandi hagvaxtarskeiði og að samfélagslegur stöðugleiki og lífsgæði verði treyst til framtíðar“. Þvert á móti er einmitt ekkert tekið á þeim grafalvarlega hnút sem kominn er upp í öllum kjaraviðræðum á íslenskum vinnumarkaði vegna ákvörðunar kjararáðs. Hnút sem raskar öllum samfélagslegum stöðugleika og misskiptir lífsgæðum

svo gróflega að skömm er að. Hnútt sem sýnir þvert á móti að stjórnvöld hafa ekki minnsta áhuga á því að dreifa þeim gæðum sem verða til á því mikla hagvaxtarskeiði sem þau hreykja sér af.

Þótt finna megi jákvæða punkta í áætluninni vegur það mun þyngra sem þar vantar og verður því ekki öðruvísi lýst en sem gríðarlegu ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda. Má þar sem dæmi nefna það neyðarástand sem ríkir í húsnæðismálum þjóðarinnar og hina brýnu þörf sem er á hækkun barna- og húsnæðisbóta. Þá má gera ráð fyrir að boðuð hækkun á bensínverði leiði til aukinnar verðbólgu og hækkunar á verðtryggðum húsnæðislánum almennings.

Stjórn VR hefur áður lagt, og leggur enn, áherslu á mikilvægi hækkunar persónuafsláttar fremur en lækkun tekjuskattsprósentu sem hefur lítið að segja fyrir fólk með lægstar tekjur. Sem dæmi má nefna að launamaður á lágmarkstekjum, kr. 280.000, fengi í sinn vasa kr. 2.576 ef tekjuskattur væri lækkaður um 1% stig. En einstaklingur á góðum launum svo sem kr. 1.132.632, fengi fjórfalt hærri uppæð á sín laun eða kr. 10.420.

Það er holur hljómur í þeim orðum ríkisstjórnarinnar að með þessari fjármálaáætlun sé lögð áhersla „á að gott samstarf takist milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að varðveita efnahagslegan stöðugleika og efla velferð.“ Því hafnar stjórn VR algerlega.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagi frá því að fundur hafi verið haldinn í gær með SA og farið yfir stöðuna en um óformlegan fund var að ræða. Þarna var rætt um framhald kjaraviðræðna. SA vill að samningur taki við af samningi m.ö.o. að allt verði klárt fyrir áramót svo skipti milli samningstímabila gangi snuðrulaust. Stíllt verður upp hópum í viðræður og mun því Kjaramálanefnd VR funda fljótlega og setja málin í farveg hvað okkur varðar.

Fundur er fyrirhugaður á morgun með forsætisráðherra sem er framhald umræðna um hina alvarlegu stöðu sem komin er upp á vinnumarkaði – leitað verður lausna.

Þá ræddi hann lauslega nýlegt fréttabréf ASÍ.

Umræður.

Ragnar Þór sagði nú frá vinnu við stjórnskipulag lífeyrissjóða og samkomulag sem átti að fara í undirritun. Um var að ræða samræmingu á reglum um skipan í stjórnir lífeyrissjóða þ.e. um valnefndir, hæfnismat, fulltrúaráð ofl. Komið er smá bakslag í málið svo það bíður um stund.

Umræður.

3. Vinnureglur stjórnar

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Vinnureglur stjórnar 2018 – tillögur að breytingum*“ og fóru hann og Stefán yfir efni þess á slæðum. Lagt er til að heiti reglnanna sé „Starfsreglur“ og ekki lengur talað um vinnureglur. Þá er tillaga um orðalag og það ferli sem sé viðhaft óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum fyrir stjórnarfund. Loks innskot í kaflann um „Réttindi og skyldur stjórnarmanna VR“ um nauðsyn þagnarskyldu um mál sem fara á leynt með samkvæmt lögum og reglum og eðli máls.

Birgir Már mætti hér til fundar kl. 18:05

Umræður.

Í umræðum komu fram tvær viðbótartillögur þ.e. um skráningu í fundargerð um þá sem eru fjarverandi á stjórnarfundum og um birtingu mætinga á vefsíðu VR auk smærri lagfæringa á orðalagi.

Í umræðum var einnig samþykkt að vísa öllum texta starfsreglna til Jafnréttisnefndar VR til yfirferðar með því markmiði að taka út kynjað orðfæri.

Í umræðum var einnig samþykkt að bókað sé í stjórnarfundargerðir allar atkvæðagreiðslur í tölum þ.e. fjöldi með, fjöldi á móti og fjöldi sem situr hjá.

Helga mætti hér til fundar kl. 18:25

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp Starfsreglur stjórnar VR til samþykkis með þeim breytingum sem samþykktar höfðu verið.

Samþykkt. 15 með, 0 á móti, 0 sat hjá.

Starfsreglur stjórnar með þeim breytingum sem samþykktar voru eru því þannig í heild sinni:

Starfsreglur stjórnar VR

Markmið og tilgangur

Tilgangur og markmið starfsreglna þessara er að tryggja að starfshættir stjórnar VR séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti.

Almennt

Stjórn VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum félagsins.

Stjórnarmaður hefur ekki sjálfstætt umboð til að framkvæma, gefa fyrir máli eða tjá sig opinberlega í nafni stjórnar VR. Stjórn VR getur falið einstökum stjórnarmönnum, starfsmönnum eða fulltrúum sínum í nefndum sérstakt umboð og vald til ákvarðana. Slíkt framsal takmarkar þó ekki endanlega ábyrgð stjórnarinnar.

Fundargerðir stjórnar VR eru aðgengilegar félagsmönnum á vef félagsins.

Fundir stjórnar

Stjórn skal á fundum fjalla um allar ákvarðanir varðandi stefnumótun félagsins.

Á vinnufundum stjórnar eru tekin fyrir málefni sem þarfnast sérstakrar athygli og/eða stefnumörkunnar.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni eða stjórn. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum síma eða með gagnaflutningi. Niðurstöður og gögn slíkra funda skulu færð til bókar á næsta formlega fundi stjórnar þar á eftir. Sú almenna regla gildir að umræður og afgreiðsla mála fer fram á löglega boðuðum fundi. Í undantekningartilvikum er hægt að afgreiða mál með rafrænum hætti og leitar þá formaður samþykki varaformanns og ritara fyrir slíkri afgreiðslu.

Boðun funda

Formaður boðar til stjórnarfunda með viku fyrirvara. Heimilt skal þó ef ríkar ástæður eru fyrir hendi að boða stjórnarfund með skemmri fyrirvara. Ef formleg beiðni berst um boðun stjórnarfundar, undirrituð með eigin hendi eða með tölvupósti af fjórum stjórnarmönnum eða fleiri, ber þá að halda þann fund innan 10 daga.

Fundaráætlun starfsárs er jafnframt fundarboðun en nánari fundarboðun einstakra funda þar sem fram kemur fyrirhuguð dagskrá fundar skal send út 5 dögum fyrir boðaðan fund sé þess kostur. Málsgögn einstakra liða skulu að jafnaði sett á vef stjórnar eða send 5 dögum fyrir fund verði því við komið. Boðun á stjórnarfundi fer fram með tölvupósti nema stjórn sjálf hafi ákveðið annað. Skulu stjórnarmenn undantekningarlaust staðfesta komu sína eða boða forföll séu þau fyrirsjáanleg svo boða megi varamann í þeirra stað. Hafi stjórnarmaður afboðað sig 24 tímum fyrir boðaðan stjórnarfund skal varamaður boðaður í hans stað og fellur seturéttur aðalmanns niður við staðfesta komu varamanns.

Stjórnarmenn skulu snúa sér til formanns, 6 dögum fyrir boðaðan stjórnarfund, með óskir um að mál verði tekin á dagskrá stjórnarfundar. Mál sem tekin eru upp á stjórnarfundum undir liðnum önnur mál og ekki hafa verið kynnt í fundarboði, skulu að jafnaði ekki afgreidd fyrr en á næsta fundi stjórnar.

Fundargerðir, fundarritun og fylgigögn

Halda skal fundargerðarbók um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar. Bókanir skulu lagðar fram skriflega en formanni er heimilt að veita undanþágu frá því við sérstakar aðstæður. Starfsmaður félagsins skal annast ritun fundargerða stjórnarfunda.

Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
2. Hverjir sitja fundinn, hverjir eru fjarverandi, tilgreindir eigin nafni, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð
3. Dagskráatriði, stutta lýsingu á dagskrárlíðum og gögnum fundarins.
4. Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
5. Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
6. Upphaf og lok fundartíma.
7. Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
8. Ef stjórnarmaður víkur af fundi vegna vanhæfis.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu settar inn á stjórnarvef, þar sem allir stjórnarmenn hafa aðgang að, 48 tímum frá því að fundi lauk. Tillit skal tekið til minniháttar breytinga og athugasemda sem berast sem ekki breyta eðli, innihaldi og niðurstöðu fundargerðarinnar og er til samþykktar á næsta reglulega stjórnarfundum. Mæting stjórnarmanna skal birt á vefsíðu félagsins. Fundargerðir eru lagðar fram til staðfestingar í upphafi næsta stjórnarfundar og skal frumrit fundargerðarinnar áritað af öllum stjórnarmönnum, sem sitja þann fund er samþykkir fundargerðina. Náist ekki sátt um meiriháttar athugasemd við fundargerð skal greidd um hana atkvæði á þeim fundi er hefur fundargerðina til umfjöllunar og samþykktar. Skulu þeir einir sem sátu fund þann er fundargerðin fjallar um eiga atkvæðisrétt.

Almennt skulu mál og gögn þeim tengd sem eru til meðferðar og úrlausnar hjá stjórn meðhöndlust sem trúnaðarmál þar til þau eru afgreidd með ákvörðun stjórnar. Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga eða félaga og félagasamtaka, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, getur formaður eða málshefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð sem „algjört trúnaðarmál“ á stjórnarfundum. Mál sem tiltekið er sem „algjört trúnaðarmál“ skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem skilgreind eru sem „algjört trúnaðarmál“ taka stjórnarmenn hvorki með sér af stjórnarfundum eða úr húsakynnum félagsins. Aukinn meirihluti stjórnar getur ætíð ákveðið að mál sem merkt eru með þessum hætti skuli engu að síður sæta almennri málsmeðferð.

Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru „sérstakt trúnaðarmál“ skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vef félagsins.

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu vera aðgengileg á vef stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau afhent öllum stjórnarmönnum á stjórnarfundum. Óskir um gögn skulu send á formann, með tölvupósti, að minnsta kosti 7 dögum fyrir næsta stjórnarfund ef ætlunin er að fá þau afhent á næsta stjórnarfundum.

Réttindi og skyldur stjórnarmanna VR

- Kynna sér lög og samþykktir félagsins og þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- Vera almennt vel að sér um starfsemi félagsins og þá strauma og stefnur í samfélaginu sem áhrif geta haft á starfsemi þess.
- Að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, reglum og eðli máls.
- Halda trúnað um þau gögn sem stjórn VR hefur sérstaklega ákveðið að trúnaður ríki um.
- Sækja stjórnarfundum. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þeirra starfa þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur félaginu.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau viðfangsefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunnar innan stjórnar hverju sinni.
- Setja fram andmæli sín og andstöðu við samþykktir stjórnar með skýrum og greinargóðum hætti þegar þær eru til umfjöllunar og ákvörðunnar.
- Hlíta samþykktum ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á lýðræðislegan hátt á löglegum fundum stjórnarinnar.
- Vinna með starfsmönnum félagsins í nefndum og starfshópum.
- Á stjórnarmann er lögð sú skylda að honum ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans og félagasamtök eða félög þar sem hann situr í stjórn. Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slík mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður og ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Stjórn tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Fundarseta annarra en stjórnarmanna

Formanni er heimilt að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundi til að kynna ákveðin mál er varða starfsemi félagsins eða aðila tengdum starfsemi þess. Seta slíkra aðila skal afmörkuð við þau tilteknu mál. Stjórn getur samþykkt að hafna setu annarra en stjórnarmanna á stjórnarfundi.

Ráð og nefndir

Formaður og/eða stjórn VR skipar fulltrúa til setu í ráðum og nefndum og tekur skipan og/eða endurnýjað umboð gildi að öllu jöfnu 1. maí. Fulltrúa VR sem boðin er þátttaka í ráðum og nefndum sem fulltrúa VR, ber að sækja um rétt til setu þar til formanns VR. Fulltrúi VR kemur fram í nafni og í umboði félagsins og skal gæta þess að öll framsaga og vinna sé í samræmi við ályktanir og stefnumörkun þess. Skipan fulltrúa skal jafnan fylgja skipunarbréf sem kveður á um skipunartíma og upplýsingaskyldu fulltrúa við félagið um störf sín.

Verkaskipti**Formaður**

Formaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins nema stjórnin ákveði annað. Formaður er jafnframt opinber talsmaður VR. Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart starfsmönnum félagsins. Formaður á seturétt í öllum ráðum og undirnefndum stjórnar. Formaður boðar til stjórnarfunda, stýrir þeim og tryggir að öll gögn sem að fundinum lúta séu stjórnarmönnum tiltæk. Formaður stýrir samninganefnd félagsins við gerð kjarasamninga. Heimildir formanns til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri skulu taka mið af:

- Fjárhagsáætlunum samþykktum af stjórn.
- Frávik frá áætlunum raski ekki samþykktum fjárhagslegum markmiðum.
- Frávik frá fjárhagsáætlunum feli ekki í sér meiriháttar stefnubreytingu er varðar einstaka liði eða fjárhagsáætlanir í heild.
- Formaður skal fyrir lok nóvember ár hvert, í samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins, vinna tillögur að fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

Varaformaður

Í fjarveru formanns stýrir varaformaður fundum. Varaformaður tekur að sér öll störf formanns í leyfum hans, telji stjórn þess þörf. Auk þess er það hlutverk varaformanns að aðstoða formann við undirbúning stjórnarfunda. Láti formaður af störfum innan þess tímabils sem hann hefur verið kjörinn til formennsku skal varaformaður taka við og gegna embætti formanns, með þeim réttindum og skyldum er starfinu fylgja, út kjörtímabilið.

¹ Sjá viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ sjá, <http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/reglugerdir-og-reglur/>

Ritari

Ritari gætir þess að fundargerðir félagsins séu ritaðar samkvæmt lögum og þeim reglum er um þær gilda. Að fundargerðir og önnur fundargögn séu varin tjóni og varðveitt í samræmi við trúnaðarstig þeirra. Afhenda ber ritara eintak af öllum gögnum sem að fundinum snúa. Ritari skal gæta þess að fundargerð fylgi öll þau gögn sem að boðun fundarins lutu, auk þeirra sem framlögð kunna vera á fundinum sjálfum. Ritari aðstoðar auk þess formann og varaformann við undirbúning stjórnarfunda sé þess þörf. Ritari er staðgengill varaformanns.

Stjórnarmenn

Stjórnarmönnum ber skylda til að kynna sér vel og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.

Varamenn

Varamenn sitja fundi stjórnar er forföll verða. Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar. Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalmann væri að ræða, enda bera þeir sömu réttindi og skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

Í upphafi starfstíma síns skulu stjórnarmenn allir undirrita eið um trúnað við félagið og þagnarskyldu. Frumrit þessarra gagna skulu vistuð í húsakynnum félagsins á öruggan hátt. Þagnarskylda helst þó látið sé af stjórnarstarfi.

Endurskoðun starfsreglna

Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar og samþykktar af stjórn VR, að varamönnum meðtöldum, sem fyrst eftir aðalfund félagsins en þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Samþykkt á stjórnarfundum VR nr. 1172 11. apríl 2018

Trúnaðareiður stjórnarmanns í VR

Sem stjórnarmaður mun ég:

- Vinna ávallt af heilindum að framgangi VR.
- Inna þau störf sem mér eru falin á vegum VR af kostgæfni og samviskusemi allan þann tíma sem stjórnarsetan varir.
- Virða og vinna samkvæmt lögum VR og þeim reglugerðum og samþykktum er um starfsemina gilda.
- Halda trúnað í samræmi við samþykktar starfsreglur stjórnar VR. Sú trúnaðarskylda helst eftir að stjórnarstarfi lýkur.
- Bera jafna virðingu gagnvart öllum einstaklingum án tillits til tungumáls, kyns, kynþáttar, aldurs, trúarbragða eða skoðana.
- Fylgja eftir að VR sé rekið með ábyrgum hætti og að fjármunum félagsins sé varið með heildarhagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.
- Virða mismunandi skoðanir og sjá til þess að mál innan stjórnar fái sanngjarna og réttláta málsmeðferð.
- Láta samstundis vita ef mál eða málefni sem til umfjöllunar eru gætu skoðast sem hagsmunaárekstur milli mín og VR.

Undirritað:

Dags:

4. Breytingar á samþykktum LIVE

Ragnar Þór lagði fram skjölin „*Tillaga stjórnar LIVE um breytingar á samþykktum LIVE hálfur ellilífeyrir*” og “*Bréf frá LIVE vegna tillagna um breytingar á samþykktum hálfur ellilífeyrir*” og fór stuttlega yfir efni þeirra. Um er að ræða tvær breytingar á fyrirkomulagi regna um töku ellilífeyris sem þarf að staðfesta með breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Fyrri breytingin varðar heimild til þess að greiða hálfan ellilífeyri frá 65 ára aldri og síðari breytingin varðar heimild til þess að fresta töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs í stað 70 ára samkvæmt núgildandi samþykktum.

Ólafur Reimar sagði nú ítarlegar frá þessum breytingum en þær eru allar við gr. 12.4 í samþykktum Lífeyrissjóðsins og einnig að bætist við tvær nýjar greinar við gr. 12 og svo tvær nýjar töflur í viðauka A. Í máli hans kom fram að ýmis skilyrði þurfi að uppfylla til þess að sjóðsfélagi geti nýtt sér þessar breytingar. Stefnt sé að því að þessar breytingar verði komnar í framkvæmd þann 1. september nk.

Allir þeir sem koma að stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna þurfa að samþykkja þessar breytingar áður en þær taka gildi og er þetta því hér komið til umræðu og samþykkis í stjórn VR.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis þessar breytingatillögur á samþykktum Lífeyrissjóðs verslunarmanna sem kynntar höfðu verið og samkvæmt framlögðum ofangreindum skjölum. Samþykkt. 15 með, 0 á móti, 0 sat hjá.

5. Bjarg íbúðafélag – kynning á stöðu félags

Bjarni Þór lagði fram skjalið „Bjarg – kynning á íbúðafélagi“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli hans kom m.a. fram að Bjarg er húsnæðissjálfsseignastofnun rekin án hagnaðarmarkmiða.

Félagið var stofnað í september 2016 af Alþýðusamband Íslands og BRSB. Félaginu er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Litið er á þetta sem langtímavalkost á leigumarkaði og séu íbúðir ætlaðar fjölskyldum og einstaklingum með tekjur í lægstu tveimur tekjufimmtungum. Leigufjárhæð fyrir almennar íbúðir er ákveðin þannig að rekstur íbúðanna sé sjálfbær.

Þá fór hann yfir tekjumörk, sagði frá stofnframlögum en 30% - 44% stofnvirðis er fjármagnað með stofnframlagi ríkis og sveitafélags. Loks sagði Bjarni Þór frá stöðu verkefna Bjargs og frá hönnun ofl.

Umræður.

6. Kaup á orlofshúsum að Gimbratúni 14 og 16 að Hellishólum í Fljótshlíð

Ragnar Þór sagði frá því að orlofsstjórn hafi verið að leita orlofshúsa fyrir félagið austan Þjórsár og hefði fundið hús sem okkur buðust til kaups á Hellishólum. Þetta séu glæsileg hús og á góðu verði. Fjármunir eru til fyrir þessum kaupum af því fjármagni sem ákveðið var að veita í kaup orlofshúsa í átaki sem staðið hefur síðustu 2 ár. Kauptilboð var samþykkt í gær með fyrirvara um samþykki stjórnar VR.

Sigurður kynnti nú húsin og umhverfið betur með upplýsingum og myndum á slæðum. Kom fram í máli hans m.a. að kostnaður sé 34,5 milljónir kr. hvert hús.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór kaup þessara húsa, eins og það hefur verið kynnt, upp til samþykktar.

Samþykkt. 14 sögðu já, 0 sagði nei, 1 sat hjá.

Að fengnu þessu samþykki gekk umboð til kaupa milli fundarmanna til undirritunar.

7. Styrkumsóknir

Ragnar Þór ræddi styrkjamál almennt. Í máli hans kom m.a. fram að hann sæi fyrir sér að stilla mætti upp sérstakri styrkjanefnd sem tæki fyrir styrkumsóknir og sem tæki mið af ákveðinni stefnu í þeim málum sem stjórn samþykkti. Eða að setja í einhvern annan farveg en þann að taka fyrir umsóknir á stjórnarfundum enda þessi mál tímafrek og kannski hægt að hafa skilvirkari afgreiðslu á þeim. Stakk hann uppá því að fresta þessum dagskrárlið til næsta fundar en lét orðið ganga og bað fundarmenn um að deila skoðun sinni á málinu.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp tillögu þess efnis að fresta afgreiðslu styrkja til næsta fundar.

Samþykkt. 15 með, 0 á móti, 0 sat hjá.

Fundi var slitið kl. 20:50
Árni Leósson, fundarritari